

## Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Svandísi Svavarsdóttur um sjúkraflug.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu oft á ári var farið í sjúkraflug árin 2007–2012? Svar óskast sundurliðað eftir brottfararstað, áfangastað og hvort um var að ræða bráðatilvik.*

Upplýsingar í svarinu taka til alls flugs sjúkraflugvélar á grundvelli samnings Sjúkra-  
trygginga Íslands um sjúkraflug á Íslandi. Bæði er um að ræða sjúkraflug og flutning sjúk-  
linga milli stofnana. Miðstöð sjúkraflugs er á Akureyri og hefjast flest flug þar. Upplýsingar  
í töflu miða við hvaðan flogið er með sjúkling.

Fjöldi sjúkrafluga var alls 571 árið 2007 og 452 árið 2012. Auk þess er í gildi samningur  
við Landhelgisgæsluna um sjúkraflug þyrllu til Vestmannaeyja þegar aðstæður eru erfiðar.  
Á grundvelli samningsins hafa verið farin þrjú til sex flug á ári.

Tafla 1. Sjúkraflug eftir brottfararstað.

Flogið frá	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Alls
Akureyri	101	121	111	117	111	106	667
Egilsstaðir	113	105	76	59	67	60	480
Reykjavík	83	85	66	70	74	65	443
Vestmannaeyjar	63	68	65	46	68	60	370
Höfn	54	33	25	27	24	31	194
Ísafjörður	29	42	29	31	28	32	191
Norðfjörður	28	27	12	28	21	27	143
Bíldudalur	23	27	26	19	21	24	140
Vopnafjörður	20	12	9	17	11	15	84
Þórshöfn	16	18	13	9	10	5	71
Siglufjörður	12	17	11	3			43
Grímsey	11	6	6	7	8	3	41
Húsavík	8	9	2	6	6	9	40
Sauðárkrókur	5	5	6	6	7	9	38
Hólmavík	2	2	4	1			9
Gjögur	1	2	1			2	6
Blönduós			1			3	4
Raufarhöfn	1		1	1			3
Reykjahlíð				1	1	1	3
Bakkafjörður	1						1
Keflavík					1		1
Þingeyri		1					1
Alls	571	580	464	448	458	452	2.973

Í töflu 2 kemur fram forgangsflokkun sjúkraflugs eftir brottfararstöðum sem flogið er frá með sjúkling oftast en 20 sinnum á ári að meðaltali. Forgangur F1 og F2 teljast bráðatilvik. Flokkarnir eru: forgangur F1, um er að ræða lífsógn/bráðatilvik sjúklings, F2, um er að ræða mögulega lífsógn/bráðatilvik sjúklings, en ekki eins alvarlegt og samkvæmt F1, forgangur F3, um er að ræða stöðugt ástand sjúklings, F4 notað í stað áætlunarflugs, tími samkomulag.

**Tafla 2. Brottfararstaður og forgangur.**

Staður/forgangur	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Alls	Hlutfall	Meðal/ári
<b>Akureyri</b>	101	121	111	117	111	106	667		111
F1	35	41	39	37	40	32	224	34%	
F2	13	23	23	23	18	23	123	18%	
F3	20	30	26	23	18	13	130	19%	
F4	33	27	23	34	35	38	190	28%	
<b>Egilsstaðir</b>	113	105	76	59	67	60	480		80
F1	40	34	30	28	26	20	178	37%	
F2	34	33	16	14	22	22	141	29%	
F3	32	30	23	16	18	15	134	28%	
F4	7	8	7	1	1	3	27	6%	
<b>Reykjavík</b>	83	85	66	70	74	65	443		74
F1	1		2	2	1		6	1%	
F2	3	4	2	1			10	2%	
F3	32	26	16	9	5	5	93	21%	
F4	47	55	46	58	68	60	334	75%	
<b>Vestmannaeyjar</b>	63	68	65	46	68	60	370		62
F1	21	8	8	8	18	25	88	24%	
F2	36	33	29	17	22	14	151	41%	
F3	6	18	20	17	14	18	93	25%	
F4		9	8	4	14	3	38	10%	
<b>Höfn</b>	54	33	26	25	25	31	194		32
F1	19	8	7	7	8	9	58	30%	
F2	10	10	8	8	11	13	58	30%	
F3	21	11	11	10	6	8	67	35%	
F4	4	4				1	9	5%	
<b>Ísafjörður</b>	29	42	29	31	28	32	191		32
F1	2	16	18	10	8	11	65	34%	
F2	12	9	2	4	9	9	45	24%	
F3	11	15	6	13	7	8	60	31%	
F4	4	2	3	4	4	4	21	11%	
<b>Norðfjörður</b>	28	28	12	27	20	28	143		24
F1	9	8	6	14	5	11	53	37%	
F2	5	7	4	2	6	10	34	24%	
F3	12	7	2	8	7	5	41	29%	
F4	2	6		3	2	2	15	10%	
<b>Bildudalur</b>	23	27	26	19	21	24	140		23
F1	10	3	7	3	3	7	33	24%	
F2	5	7	6	5	6	6	35	25%	
F3	8	17	13	10	7	10	65	46%	
F4				1	5	1	7	5%	

Í töflu 3 kemur fram forgangur sjúkraflugs í heild árin 2007–2012.

**Tafla 3. Forgangur.**

Forgangsflokkur	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Alls	Hlutfall
F1	166	138	139	131	123	138	835	28%
F2	136	147	97	88	107	108	683	23%
F3	170	179	138	122	96	91	796	27%
F4	99	115	91	107	132	115	659	22%
Alls	571	579	464	448	458	452	2.973	100%

Í töflu 4 er sjúkraflug flokkað eftir áfangastað árin 2007–2012.

Áfangastaður er oftast Reykjavík og eru 64% sjúkraflugferða þangað í forgangsflokki F1 og F2. Í ferðum til Akureyrar er sambærilegt hlutfall 38% og 4% til Vestmannaeyja. Nær undantekningarlaust eru sjúkraflugferðir til staða neðar í töflunni en Vestmannaeyjar í forgangsflokkum F3 og F4.

**Tafla 4. Sjúkraflug eftir áfangastað.**

Áfangastaður	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Alls
Reykjavík	359	380	330	304	324	332	2.029
Akureyri	134	109	74	97	89	68	571
Vestmannaeyjar	16	21	22	12	16	19	106
Egilsstaðir	13	20	13	11	3	6	66
Ísafjörður	13	12	7	9	7	10	58
Norðfjörður	13	10	5	4	2	6	40
Höfn	8	6	8	4	2	4	32
Bíldudalur	3	7	4	2	6		22
Keflavík	4	3		1	3	2	13
Húsavík	1	4		1	1	3	10
Sauðárkrókur	1	2	1	1	3	2	10
Siglufjörður	3	2					5
Vopnafjörður	2	1			1		4
Grimsey		2					2
Hólmavík	1	1					2
Selfoss				1	1		2
Þórshöfn				1			1
Alls	571	580	464	448	458	452	2.973